


Punktar um ferð TF-SIF yfir Vatnajökul í dag 28. ágúst 2014

TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar flaug yfir Bárðarbungu, Grímsvötn, Dyngjujökul og Öskju í dag. Í ferðinni voru vísindamenn frá Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofunni auk fulltrúa frá Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra. Skyggni var gott og aðstæður góðar til athugana. Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- Sigdældir suðaustan Bárðarbungu voru skoðaðar. Þær liggja í stefnu suðsuðaustur út frá suðausturhorni Bungunnar, eru um 4,5 km á lengd og um 1 km á breidd. Þær hafa lítið sem ekkert breyst frá því í gær, eru um 15-20 m djúpar og markaðar hringsprungum. Lauslega áætlað hafa 30-40 millj. rúmmetrar íss bráðnað á þessum stað. Ekki er ljóst á þessari stundu hvenær dældirnar mynduðust en sennilegt er að það hafi gerst eftir föstudaginn 22. ágúst, en þá voru settir upp mælur á þessu svæði án þess að vart yrði við sprungur í jöklinum.
- Flogið var yfir Grímsvötn en þar var ekkert óvenjulegt að sjá. Mögulega hefur bræðsluvatn undan sigunum runnið til þeirra en það er óstaðfest.
- Framan við Dyngjujökul, í Holuhrauni og norðan þess eru sprungur sem ná um 5 km norður fyrir jaðarinn. Sprungurnar mynda um 1 km breitt svæði með sömu stefnu og gangurinn sem færst hefur til norðurs síðustu daga. Þessar sprungur ná u.þ.b. 1 km inn í jökulinn. Tvö litil hringmynduð sig eru í jöklinum aðeins ofar. Þar hefur orðið lítilsháttar bráðnun við botn, sennilega samfara upphitun grunnvatns vegna gangansins. Öll þessi ummerki má skýra með gangainnskotinu, og benda þau til þess að dýpi niður á ganginn sé varla meira en tveir kílómetrar.
- Í Öskju virtist allt með kyrrum kjörum þegar flogið var yfir svæðið.




Ljósmynd af norðvesturhluta sigdældanna. Sprungan efst erótengd siginu en hún sést einnig á ratsjármyndinni. Bil milli ystu sprungna er um 1 km. Ljós. Magnús Tumi Guðmundsson, JH.



Grímsvötn. Myndin tekin um hádegi í dag 28. ágúst 2014. Svörtu flekkirnir eru gjóska úr gosunum 2004 og 2011. Fyrir miðri mynd, upp við klettana er gígvatnið frá 2011. Ljós. Þórdís Högnadóttir, JH.



Jaðar Dyngjujökuls við Holuhraun, horft til norðurs. Sprungur sjást t.d. við litla vatnið fyrir miðri mynd og teygja þær sig til norðurs frá því. Einnig sjást sprungur í jökulísnum sem hvít strík í neðra vinstra horni myndarinnar. Ljós. Matthew Roberts, VÍ.



Ratsjármynd úr TF-SIF frá í dag. Myndin sýnir norðurenda Holuhrauns og að mestu þurran farveg vestari hluta Jökulsár á Fjöllum. Sprungurnar koma fram sem hvít, skástíg strík á aurunum neðan til á miðri myndinni. Sprungurnar stefna u.þ.b. í NNA.



A.

Hópurinn frá Veðurstofu, Jarðvísindastofnun og Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra sem fór í flugið í dag: Björn Oddsson, Gunnar Sigurðsson, Guðrún Nína Petersen, Þórdís Högnadóttir, Magnús Tumi Guðmundsson, Matthew Roberts, Eyjólfur Magnússon.